

**Nd.**

## **125. Frumvarp til laga**

um breyting á lögum nr. 12 2. apríl 1946 (Raforkulög).

Flm.: Ingólfur Jónsson, Sigurður Bjarnason, Jón Pálmason, Pétur Ottesen, Steingrímur Steinþórsson, Jón Sigurðsson, Jörundur Brynjólfsson, Jónas Jónsson, Halldór Ásgrímsson, Sigurður Guðnason, Áki Jakobsson, Jón Gíslason, Páll Þorsteinsson, Stefán Stefánsson, Gylfi Þ. Gíslason.

1. gr.

C-liður 33. gr. laganna orðist svo:

Framlag úr ríkissjóði að upphæð 2.5 millj. króna ár hvert.

2. gr.

Aftan við tölulið 2 í 35. gr. laganna bætist orðin: svo og til að veita gjaldfrest á framlögum héraða til héraðsrafmagnsveitna ríkisins, sbr. 26.—29. gr., þegar með þarf, þó aldrei yfir helming framlagsins og ekki til lengri tíma en 10 ára, og greiði héraðin 2% vexti á ári af skuldinni.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### **Greinargerð.**

Með frv. þessu er lagt til, að árlegt framlag ríkissjóðs til raforkusjóðs verði hækkað úr 2 millj. króna í 2.5 millj. króna, í þeim tilgangi að gera kleift að veita rafmagnsnotendum til sveita greiðslufrest til nokkurra ára á hinum tiltölulega háu heimtaugagjöldum, sem þeim er gert að greiða samkvæmt raforkulögnum.

Samkvæmt þeim lögum er gert ráð fyrir, að héraðin sjálf leggi fram  $\frac{1}{4}$  af styrk þeim, sem héraðsrafmagnsveitum ríkisins þarf að koma, til þess að þær geti síðan orðið fjárhagslega sjálfstætt fyrirtæki. Er ætlazt til, að framlagið verði innheimt hjá þeim, sem rafmagnið fá, með heimtaugagjöldum, en jafnframt komið til tals, að sýslufélögin tækju lán til þess að greiða tillagið til bráðabirgða, en innheimta það síðar hjá rafmagnsnotendum.

Nú mun það hafa reynzt þannig, að lán hafa ekki fengizt, þegar leitað hefur verið eftir þeim í þessu skyni, enda engin lánsstofnun í landinu, sem telur sig sérstaklega hafa skyldur að rækja í þessu efni. Verði engin breyting gerð frá því, sem nú er, verður að innheimta tillagið um leið og veita er byggð, samtals  $\frac{1}{4}$  af styrkþörf veitunnar, eða að meðaltali 6000 krónur á hvern notanda. Er alveg víst, að mörgum veitist ómögulegt að greiða heimtauggjaldið út að öllu leyti um leið og hann verður að kaupa öll áhöld og auk þess kosta innlagnir í öll hús. En þetta verður allt að gerast á sama tíma þar, sem rafmagn hefur ekki verið áður, og stofn-  
kostnaður þannig býsna hár.

Til þess að bæta úr þessu er frv. þetta flutt, og er gert ráð fyrir samkvæmt frv., að héraðsrafmagnsveitum ríkisins verði heimilað að veita greiðslufrest á allt að helmingi framlags héraða og þar með á helmingi heimtaugagjalds til allt að 10 ára. Nái frumvarp þetta fram að ganga, mun það gera mörgum mögulegt að taka rafmagn, sem ella hefðu orðið að sitja hjá kostnaðarins vegna, þótt rafmagnsveita kæmi í héraðið (og raunar geta ráðið því, hvort hægt er að ráðast í að leggja veituna eða ekki).

Þegar lög um raforkusjóð voru sett, var til þess ætlazt, að sjóðurinn yrði notaður að einhverju leyti til hagkvæmra lánveitinga fyrir þá, sem mikið fé verða að leggja fram, til þess að verða rafmagnsins aðnjótandi.